



Menningar-, íþróttá- og tómsfundaráð

Borgartúni 14  
105 REYKJAVÍK


### **Skátasamband Reykjavíkur**

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómsfundaráðs 11. október 2021 var lagt fram bréf Skátasambands Reykjavíkur dags. 5. október 2021 með ósk um aukinn stuðning við sumarnámskeið fyrir börn og aukinn fjölda starfsmanna á þau námskeið. Erindinu var vísað til umsagnar ÍTR.

Félagasamtök fá starfsmenn á hverju sumri í gegnum ÍTR til starfa við sumarstarfsemi félaganna. Fjárveiting vegna þessa er í fjárhagsramma ÍTR ár hvert og er starfsmönnum deilt út eftir umsóknum frá félögunum í samræmi við fjárveitingu hverju sinni.

Í fjárhagsramma ÍTR fyrir árið 2022 er ekki gert ráð fyrir hærri fjárveitingu en árið 2021.

Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að sett verði fast framlag ár hvert í verkefni sérstaklega vegna SSR. Starfsmannafjöldi ræðst af fjárveitingu hverju sinni.

  
Ómar Einarsson.